

STEFNA UM RÁÐSTAFANIR GEGN HAGSMUNAÁREKSTRUM

1. Almennt / gildissvið

- 1.1. Stefna þessi er sett á á grundvelli laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra laga, sbr. einkum ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 og reglugerðar nr. 976/2021 um verndun fjármálagerninga og fjármuna viðskiptavina, skyldur við vörupróun og um veitingu og móttöku þóknana, umboðslauna eða hvers konar ávinnings. Þá byggja reglurnar á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar („EBA“) um innri stjórnarhætti, eins og þær eru hverju sinni. Reglurnar teljast vera stefna Acro verðbréfa hf. („félagið“) um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum í skilningi 34. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565 og umræddra viðmiðunarreglna.
- 1.2. Markmið stefnu þessarar er að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að greina og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu félagsins.
- 1.3. Hagsmunaárekstrar í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu geta komið upp á milli:
 - 1.3.1. Félagsins annars vegar, þ.m.t. starfsmanna félagsins, einkaumboðsmanna eða aðila sem eru tengdir félaginu vegna yfirráða og viðskiptavina félagsins hins vegar.
 - 1.3.2. Viðskiptavina félagsins innbyrðis.
- 1.4. Stefna þessi á við um þá fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu sem félagið veitir viðskiptavinum sínum.
- 1.5. Til starfsmanna félagsins samkvæmt stefnu þessari teljast eftirfarandi aðilar:
 - 1.5.1. Stjórnarmenn eða stjórnendur,
 - 1.5.2. Starfsmaður félagsins eða hver sá einstaklingur sem starfar undir stjórn félagsins og á þátt í að veita þjónustu fyrir félagið á sviði fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu,
 - 1.5.3. Einstaklingar sem á beinan þátt í að veita félaginu þjónustu á grundvelli samnings um útvistun þjónustu á sviði fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu.

2. Greining hagsmunaárekstra

- 2.1. Í hvert sinn sem félagið veitir fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu skal metið hvort félagið, starfsmaður þess eða aðili sem beint eða óbeint er tengdur félaginu í gegnum yfirráð:
 - 2.1.1. Sé líklegur til að njóta fjárhagslegs ágóða eða forðast fjárhagslegt tap á kostnað viðskiptavinarins,
 - 2.1.2. Hafi hagsmuna að gæta af niðurstöðu þeirrar þjónustu sem viðskiptavininum er veitt og þá hvort þeir hagsmunir séu aðgreindir frá hagsmunum viðskiptavinarins að því er varðar niðurstöðuna,
 - 2.1.3. Hafi fjárhagslegan hvata eða annars konar hvata til þess að setja hagsmuni annars viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina framar hagsmunum hlutaðeigandi viðskiptavinar,
 - 2.1.4. Stundi sams konar rekstur og viðskiptavinurinn, eða

2.1.5. taki við eða muni taka við hvatagreiðslu eða umbun í formi fjárhagslegs eða ófjárhagslegs ávinnings eða þjónustu frá aðila öðrum en viðskiptavininum í tengslum við veitingu þjónustu til viðskiptavinarins.

3. Mögulegir hagsmunaárekstrar

3.1. Í ljósi þjónustu félagsins má ætla að hagsmunaárekstrar geti skapast milli félagsins annars vegar og viðskiptavina þess hins vegar og viðskiptavina félagsins innbyrðis, m.a. með eftirfarandi hætti:

3.1.1. Tveir eða fleiri viðskiptavinir óska eftir að kaupa verðbréf sem takmarkað framboð er af, eða

3.1.2. Félaginu eða starfsmanni þess er afhent gjöf eða umbun umfram það sem eðlilegt getur talist (m.a. ófjárhagsleg verðmæti) sem mögulega geta haft áhrif á hegðan viðkomandi þvert á hagsmuni viðskiptavina félagsins.

4. Ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra

4.1. Í því skyni að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi félagsins hefur félagið gripið til eftirfarandi aðferða og ráðstafana:

4.1.1. Félagið stundar ekki eigin viðskipti í gegnum veltubók.

4.1.2. Takmarkanir eru lagðar við eigin viðskiptum starfsmanna félagsins.

4.1.3. Viðeigandi starfssvið hafa verið aðskilin. Með því er t.d. átt við að miðlun, fjárfestingarráðgjöf/eignarstýring og bakvinnsla hafa verið aðskilin í stjórnun, afkomu, rými, upplýsingakerfum, skjalavörslu og með reglum um samskipti milli sviða/deilda.

4.1.4. Reglum um að starfsmenn einstakra starfseininga starfi ekki innan annarra starfssviða, sem aðgreind eru, nema með samþykki regluvarðar, sem skráir slík tilvik.

4.1.5. Innra regluverki sem m.a. kveður á um verðbréfiðskipti félagsins, starfsmanna, stjórnarmanna og eigenda virkra eignarhluta, stjórnarsetu framkvæmdastjóra og starfsmanna utan félagsins og öryggis- og samskiptareglur starfsmanna.

4.1.6. Félagið birtir upplýsingar um það að hópur starfsmanna séu hluthafar í félaginu og geti notið arðs af rekstri þess.

4.1.7. Félagið varðveitir upplýsingar sem auðvelda greiningu og meðhöndlun hagsmunaárekstra í öruggu umhverfi.

4.1.8. Við mat á tilhlýðileika eða veitingu fjárfestingarþjónustu án þess að afla upplýsinga eða framkvæma mat á tilhlýðileika, sbr. 45. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga skal fara fram greining á hagsmunaárekstrum, sbr. 2. gr. reglna þessara.

4.1.9. Félagið setji upp miðlægt ferli og hafi til staðar verklag sem tryggir að viðeigandi upplýsingum sé komið á framfæri í samræmi við 38.-43. gr. reglugerðar 2017/565.

4.1.10. Félagið framkvæmir reglulega endurskoðun á þessari stefnu sem og innri verkferlum þess.

5. Aðskilnaður starfssviða og meðferð trúnaðarupplýsinga

- 5.1. Til að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu leitast félagið við að takmarka aðgang að trúnaðarupplýsingum við þá aðila sem að mati stjórnenda félagsins hafa raunverulega þörf fyrir slíkar upplýsingar við framkvæmd starfa sinna. Lykilatriði í aðgerðum félagsins til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra er aðskilnaður starfssviða, sem mælt er fyrir um í verklagsreglum félagsins um fjárfestavernd og viðskiptahætti. Tilgangur aðskilnaðarins er að koma í veg fyrir óviðeigandi ótakmarkað upplýsingaflæði á milli mismunandi deilda félagsins. Með þessu móti er stuðlað að því að starfsmenn félagsins geti sinnt daglegum verkefnum fyrir viðskiptavinum félagsins án þess að verða fyrir áhrifum annarra upplýsinga, sem til staðar kunna að vera innan félagsins og gætu leitt til hagsmunaárekstra.
- 5.2. Ef sérstakt tilefni er til, vegna einstakra verkefna eða upplýsinga, getur félagið sett upp sérstakan aðskilnað eða viðhaft sambærilegar ráðstafanir.

6. Auknar ráðstafanir

- 6.1. Við meðhöndlun tiltekinnar hættu á hagsmunaárekstri getur verið viðeigandi að grípa til aukinna ráðstafana ef hefðbundnar ráðstafanir nægja ekki til að fyrirbyggja hagsmunaárekstra í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu, þar á meðal við umsjón útboða. Ávallt skal tekin sérstök ákvörðun af framkvæmdastjóra um beitingu slíkra ráðstafana. Slíkar viðbótarráðstafanir geta meðal annars falið í sér eftirfarandi aðgerðir:
- 6.1.1. Að viðhöfðu sérstöku mati á viðkomandi tilfelli getur félagið komið upp sérstökum aðskilnaði eða beitt annars konar ráðstöfunum til að takmarka upplýsingaflæði.
- 6.1.2. Félagið getur gert auknar kröfur til stjórnenda félagsins um aðgerðir og mat á áhættu vegna mögulegra hagsmunaárekstra.
- 6.1.3. Félagið getur ákveðið að viðhafa sérstakt eftirlit með starfsmönnum sem annast verkefni fyrir hönd viðskiptavina, hverra hagsmunir geta stangast á, eða koma að öðru leyti fram fyrir aðra hagsmuni sem geta stangast á við hagsmuni viðskiptavina, þ.m.t. hagsmuni félagsins.
- 6.1.4. Félagið getur ákveðið að viðhafa sérstakar ráðstafanir til að takmarka eða stýra aðstæðum þar sem starfsmenn félagsins taka samtímis, eða í beinu framhaldi, þátt í mismunandi verkefnum.
- 6.1.5. Félagið getur neitað að framkvæma tiltekin viðskipti telji félagið ekki mögulegt að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Áður en slík ákvörðun er tekin skal félagið upplýsa viðkomandi viðskiptavin um þá hagsmunaárekstra sem um er að ræða þannig að hann geti látið í ljós upplýsta ákvörðun sína varðandi áframhald viðskipta.

7. Veiting upplýsinga um hagsmunaárekstra

- 7.1. Ef ráðstafanir samkvæmt framangreindu veita ekki vissu fyrir því að hagsmunum viðskiptavina sé nægilega gætt skal gripið til eftirfarandi ráðstafana áður en til viðskipta er stofnað eða þau framkvæmd:
- 7.1.1. Upplýsa viðskiptavininn um eðli og ástæður mögulegra hagsmunaárekstra.
- 7.1.2. Veittar upplýsingar skulu vera nægjanlega ítarlegar, með hliðsjón af eðli viðskiptanna, til að viðskiptavinur geti tekið afstöðu til þeirra viðskipta sem hagsmunaárekstur kann að tengjast.
- 7.1.3. Upplýsingagiöfin skal vera á varanlegum miðli og tilkynnt regluverði.

- 7.2. Regluvörður skráir niður og geymir á tölvutæku formi upplýsingar um þau atvik sem upp koma þar sem skapast hefur raunverulega hættu á hagsmunaárekstrum í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu, eða í þeim tilvikum þar sem þjónusta er viðvarandi eða slíkt geti átt sér stað. Starfsmenn félagsins skulu senda regluverði tilkynningu á tölvupósti þegar framangreind atvik koma upp.
- 7.3. Skrá þessi skal innihalda upplýsingar um hvaða viðskiptavinir áttu í hlut, hvaða atvik var um að ræða, tegundir viðkomandi fjármálagerna og viðskiptafærslna. Jafnframt skal skrá niður viðbrögð félagsins.

8. Eftirlit með stefnu um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum

- 8.1. Regluvörður/framkvæmdastjóri annast eftirlit með framkvæmd stefnu þessarar.
- 8.2. Starfsmenn félagsins skulu bera undir regluvörð álitaefni um mögulega hagsmunaárekstra sem upp koma í daglegri starfsemi félagsins. Regluvörður skal gera framkvæmdastjóra, eða eftir atvikum, stjórn félagsins grein fyrir hættu á mögulegum hagsmunaárekstrum sem hann verður var við í starfi sínu.
- 8.3. Regluverði er heimilt að stöðva framkvæmd viðskipta telji hann hættu á hagsmunaárekstrum. Hafi viðskipti þegar átt sér stað og regluvörður telur að hagsmunaárekstrar hafi skapast í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu, skal hann gera framkvæmdastjóra viðvart og gera tillögur um viðeigandi viðbrögð.
- 8.4. Í árlegri skýrslu sinni til stjórnar skal regluvörður fjalla um framkvæmd stefnunnar og, ef við á, starfshætti starfsmanna.

9. Endurskoðun og birting

- 9.1. Stefna þessi skal sæta endurskoðun, ef við á. Við þá endurskoðun skal m.a. líta til skilvirkni stefnunnar í framkvæmd bæði fyrir starfsemi félagsins í heild og starfsemi einstakra starfseininga.
- 9.2. Stefnan skal einnig sæta endurskoðun með hliðsjón af breytingum á starfsemi og lagaumhverfi félagsins.
- 9.3. Félagið skal upplýsa viðskiptavinum um breytingar á stefnu félagsins með því að birta nýja stefnu á heimasíðu sinni.
- 9.4. Stefna þessi tekur gildi við samþykkt stjórnar og skal birt á heimasíðu félagsins.

Samþykkt af stjórn ACRO verðbréfa hf. þann 10. ágúst 2021

Endurskoðað og samþykkt af stjórn Acro hf. þann 6. júlí 2023

Endurskoðað og samþykkt af stjórn Acro þann 26. september 2024

Endurskoðað og samþykkt af stjórn Acro þann 12. desember 2024

Endurskoðað og samþykkt af stjórn Acro þann 15. október 2025